

Hafnarfjarðarbær

b.t. Haraldar L. Haraldssonar, bæjarstjóra

Efni: Vegna mat á varúðarsjóði vegna lífeyrisaukasjóðs

Frá: Hagfræðistofnun, Dr. Oddgeir Ágúst Ottesen

Í bréf Lífeyrissjóðins Brúar til Hafnarfjarðarbæjar dags. 13. febrúar 2018 kemur fram að það hafi verið „meðvituð ákvörðun að reikna varúðarsjóðinn [einnig] sem hlutfall af jafnvægisjóði þar sem sama óvissa ríkir um á forsendur jafnvægisframlagsins og lífeyrisaukans.“

Svarið bendir til að Lífeyrissjóðurinn hafi ekki vitneskju um hvernig varúðarsjóðurinn var metinn fyrir A deild LSR. Einnig kemur fram í tryggingafræðilegri athugun á sjóðnum m.v. lok maí 2017¹ að tryggingastærðfræðing sjóðsins var ekki kunnugt um þær forsendur sem liggja að baki mati á varúðarsjóðnum.

Í gögnum Fjármálaráðuneytisins², sem Lífeyrissjóðurinn Brú virðist ekki hafa, kemur skýrt fram að ein lykilorðsenda við mat á varúðarsjóðnum hafi verið að tryggingafræðilegt jafnvægi A deildar LSR hafi verið tryggt. Að þeirri forsendu gefinni (og auðvitað öðrum forsendum) fékkst sú niðurstaða að út frá áhættu eigna sjóðsins, skyldi varúðarsjóðurinn nema 8,4 ma.kr. Lífeyrisauki A deildar LSR nam 106,8 ma.kr.³ Varúðarsjóðurinn fyrir A deild LSR nam því um 7,8% af lífeyrisaukanum.

Ef Lífeyrissjóðurinn Brú byggir á niðurstöðu þeirrar aðferðafræði sem notuð var til að meta varúðarsjóð fyrir A deild LSR er rétt að miða við varúðarsjóðurinn nemi sama hlutfalli af lífeyrisaukanum og hjá A deild LSR, eins og fram kom í minnisblaði Hagfræðistofnunar til bæjarstjóra Hafnarfjarðar dags. 6.2.2018. Ef það hlutfall einnig tekið af jöfnunarsjóðnum er Lífeyrissjóðurinn Brú að krefjast meiri varúðarsjóðs en A deild LSR fékk og í raun að meta áhættu vegna þeirra eigna sem keyptar eru fyrir jöfnunarsjóðinn tvisvar sinnum.

Ekki er ólíklegt að varúðarsjóðurinn gæti reynst of lítill, eins og kom fram í fyrrgreindu minnisblaði Hagfræðistofnunar. En sé miðað við niðurstöðu þeirrar aðferðafræði sem notuð var til að meta varúðarsjóð fyrir A deild LSR er hann of stór sem nemur um 7,8% af jöfnunarsjóðnum.

¹ https://www.lifbru.is/static/files/Brupdf/trfath_iss_a_201705_4.pdf

² T.d. minnisblöð vinnuhóps fjármála- og efnahagsráðherra um nýtt skipulag A-deildar LSR dags. 6 apríl 2016 og 28. ágúst 2016.

³ Sjá lög um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins <https://www.althingi.is/altext/stjt/2016.127.html>